

Mál nr. 342/2016
M og
vátryggingafélagið V v. ábyrgðartryggingar B.

Starfsmaður féll um rafmagnssnúru og slasaðist 10.7.2015.

Gögn.

1. Málskot móttengið 18.10.2016 ásamt fylgiskjöllum 1-5
2. Bréf V dags. 19.10.2015 ásamt fylgiskjali

Málsatvik.

M segir að hann hafi ætlað inn í svonefndan bílasal á vinnustað sínum og hafi samstarfsmaður hans komið fyrir rafmagnssnúru sem búið var að kuðla saman og hafi hann fallið um hana þegar hann gekk út um dyrnar og fallið niður á pall og slasast. M krefst bóta úr ábyrgðartryggingu B og segir að samstarfsmaðurinn sem kom rafmagnssnúrunni fyrir í dyraopinu í gangvegi hafi sýnt af sér saknæma háttsemi enda sé slíkur staður ekki eðlilegur geymslustaður fyrir rafmagnssnúru. M vísar m.a. til 37. og 39. gr. reglna nr. 581/1995 um húsnæði vinnustaða þar sem m.a. segir að allir gangar, stigar, forrými og önnur rými sem nota má til útgöngu skuli ávallt vera greiðfærir og hindrunarlausir. Af hálfu M er mótmælt að þetta hafi verið algengt verklag á vinnustað M þegar umrædd rafmagnssnúra hafi verið tengd við ákveðna bifreið. Af hálfu vinnuveitanda M er fullyrt að umrædd rafmagnssnúra hafi verið þarna í töluverðan tíma og hafi M verið það fullljóst. V hafnar bótaábyrgð og telur að meint atvik megi ekki rekja til saknæmrar eða ólögmætrar háttsemi vátryggingartaka, starfsmanna hans eða annarra atvika eða aðstæðna sem vátryggingartaki beri ábyrgð á. V segir að rafmagnssnúran hafi verið gerð upp og lögð þar sem M féll og hafi það verklag verið viðhaft í langan tíma og allir starfsmenn vitað af því verklagi. M hafi því mátt gera ráð fyrir að snúran væri þar sem hún var þegar hann féll um hana og þurft að gæta fóta sinna.

Álit.

Af hálfu B vinnuveitanda M og V er því haldið fram að það hafi viðgengist um langan tíma að gera rafmagnssnúruna, sem M féll um, upp og geyma hana þar sem hún var í umrætt sinn og hafi allir starfsmenn þ.á.m. M vitað af því. M hefur mótmælt því að þetta hafi verið algengt verklag. Jafnvel þó það hafi viðgengist að geyma rafmagnssnúru með þeim hætti sem gert var í umrætt sinn þá verður að telja slíkan frágang skapa hættu á tjóni og á vinnustað B verður að telja slíkan frágang óforsvaranlegan. Ber B ábyrgð á því að gengið skuli hafa verið frá rafmagnssnúrunni með þessum saknæma hætti. M á því rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu B hjá V.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu B hjá V.

Reykjavík 22.11.2016.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.